



---

## **Stúdentaráð Háskóla Íslands**

---

### **Ályktun Stúdentaráðs Háskóla Íslands um stöðu erlendra nemenda á Íslandi borin upp til samþykktar landsþings LÍS 25. mars 2018**

Þann 24. mars síðastliðinn bárust fregnir í fjölmiðlum af fyrirhugaðri brottvísun nemanda úr leiðsögunámi við Keili, frá landi. Ástæðan er m.a. talin vera sú að umsókn hans um dvalarleyfi hafi velkst um í stjórnslu Útlendingastofnunar í nokkra mánuði og að lokum leitt til þess að hann muni ekki geta lokið námi sínu á tilskildum tíma, í maí næstkomandi.

Landsþing LÍS 2018 krefst þess að bæta þurfi afgreiðslu umsókna námsmanna á háskólastigi um dvalarleyfi hér á landi. Mörg dæmi eru til um misræmi á milli upplýsinga sem Háskóli Íslands veitir annars vegar og Útlendingastofnun hins vegar sem hefur áhrif á umsóknir námsmanna um dvalarleyfi. LÍS - Landssamtök íslenskra stúdenta telja jafnframt að háskólastofnanir eigi að standa vörð um réttindi nemenda sinna.

Í baráttunni fyrir jafnrétti allra til náms er mikilvægt að nám á háskólastigi sé aðgengilegt öllum og tryggja þarf að námsmenn erlendis frá séu ekki þar undanskildir.

*Samþykkt einróma á landsþingi LÍS - Landssamtaka íslenskra stúdenta þann 25. mars 2018*



